



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
110 Reykjavík

Arnarkvöll 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@ivr.stjrn.is
www.ivr.is

Reykjavík 13. nóvember 2006
Tilv.: IVR06050090/23.120

Efni: Framlenging leyfis

Vísað er til erindis Björgunar ehf., dags. 9. nóvember 2006, þar sem sótt er um tímabundna og skilyrta framlengingu leyfis félagsins til töku malar og sands af sjávarbotni utan netlaga í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa. Eins og fram kemur í erindinu gaf iðnaðarráðuneytið hinn 28. ágúst 1990 út leyfi til efnistöku á þessum svæðum á grundvelli heimilda í lögum nr. 73/1990. Leyfið var veitt til 30 ára. Lögum nr. 73/1990 var breytt með lögum nr. 101/2000, sem tóku gildi þann 6. júní 2000. Með breytingunni var m.a. ákveðið að þeir aðilar sem þegar höfðu fengið leyfi á grundvelli fyrri laga, skyldu halda þeim í 5 ár frá gildistöku þeirra.

Ráðuneytið vakti formlega athygli Björgunar ehf. á þessari breytingu með bréfi, dags. 23. september 2004. Hinn 13. október 2004 ritaði félagið ráðuneytinu bréf þar sem óskað var viðræðna við ráðuneytið um leyfi félagsins. Hafa fulltrúar aðila átt nokkra fundi um málefnið og framlengdi ráðuneytið leyfi félagsins til efnistöku á svæðunum tímabundið til 6. júní 2006. Björgun ehf. hefur, með bréfi dags. 23. nóvember 2005, tilkynnt Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku í Kollafirði á tímabilinu 2006 til 2016 og óskað ákvörðunar stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í tilkynningunni er lögð áhersla á að í öllum tilfellum er um eldri námur að ræða. Skipulagsstofnun komast að þeirri niðurstöðu þann 20. mars 2006 að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hefur Björgun ehf. kært þá niðurstöðu til umhverfisráðherra og mun úrskurður ráðherra vera væntanlegur innan tíðar.

Verði niðurstaða umhverfisráðherra sú að Björgun ehf. beri að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er ljóst að það ferli mun taka langan tíma. Fari félagið með þá niðurstöðu fyrir dómstóla eins og því er heimilt lögum samkvæmt gæti það lengt tímann enn frekar.

Efnistaka Björgunar ehf. úr sjó í nágrenni Reykjavíkur hefur staðið yfir frá fyrri hluta 7. áratugar síðustu aldar án þess að hafi verið sannanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa. Á þessum tíma hefur félagið orðið mjög mikilvægur birgir malar og sands til framkvæmda í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum. Er markaðshlutdeild Björgunar ehf. nú u.þ.b. 70% í efni til steypu- og malbiksframleiðslu á þessu svæði. Ljóst er að ef starfsemi félagsins stöðvast mun það hafa viðtækar afleiðingar, ekki aðeins fyrir félagið sjálft heldur einnig viðskiptamenn þess sem og fleiri aðila. Efnið þyrfti að afla í stað þess sem Björgun ehf. aflaði ella og varla er um aðra kosti að ræða en taka það úr námunum á landi og má ætla að umhverfisáhrif slíkrar efnistöku yrðu umtalsverð.

Lög nr. 73/1990, með síðari breytingum, gera ráð fyrir því að gefin verði út reglugerð á grundvelli

laganna. Er henni m.a. ætlað að tilgreina helstu ákvæði sem fram eiga að koma í leyfunum auk þess að kveða á um þau atriði sem umisækjandi skal tilgreina í umsókn um vinnsluleyfi. Reglugerð þessi er nú í vinnslu en hefur ekki verið gefin út.

Í ljósi alls þessa, að teknu tilliti til meðalhófsreglu, og þeirrar staðreyndar að fyrirhuguð efnistaka mun eingöngu fara fram í eldri nánum sem Björgun ehf. hefur nýtt samkvæmt eldra leyfi innan tilskilinnna tímamarka skv. bráðabirgðaaákvæði I með lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sér ráðuneytið sér fært að veita Björgun ehf. takmarkaða heimild til hagnýtingar jarðefna á afnörkuðum svæðum á hafsbotni.

Takmarkast leyfið við þær námur sem begar eru í notkun að undanskildum skilgreindum námusvæðum við Kjalarnes, Þerney, Geldinganes, Gufunes og Laugarnes en athugasemdir voru gerðar við þessi svæði af umsagnaraðilum sem Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra leituðu til í tengslum við meðferð á tilkynningu Skipulagsstofnunar og kæru félagsins á þeirri ákvörðun til umhverfisráðherra.

Heimildin skal gilda til 1. september 2008, en þó aldrei lengur en þremur mánuðum eftir að fyrir liggur endanlegt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Leyfið skal bundið þeim skilyrðum að Björgun ehf. hefjist þegar handa um að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar efnistöku félagsins, ekki aðeins í Kollafirði, heldur jafnaframt í Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa og að því ferli verði hraðað svo sem kostur er. Skilyrði þau sem koma fram í leyfi Björgunar ehf. sem féllu úr gildi 6. júní 2005 skulu gilda um starfsemina.

Björgun ehf. hefur boðað að verði ákvörðun Skipulagsstofnunar staðfest af umhverfisráðherra, áskilji félagið sér rétt til þess að láta reyna á lögmæti hennar fyrir dómstólum. Ef ákvörðun skipulagsstofnunar verður hnekkt af umhverfisráðherra eða dómstólum falla sérstök skilyrði skv. leyfi þessu úr gildi og ný ákvörðun um leyfisveitingu tekin.


Á gildistíma bráðabirgðaleyfisins og mögulegrar framlengingar þess skal Björgun ehf. fylgja þeim vöktunar- og viðbragðsreglum sem settar verða í samráði ráðuneytis og leyfishafa svo og að teknu tilliti til mótvægisáðgerða leyfishafa sem koma munu fram í skýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum. Orkustofnun sem eftirlitsaðili með framkvæmd leyfis þessa skal hvenær sem er heimilt að stöðva nýtingu á nánum komi fram grunsemdir um að vinnslan valdi umhverfisskaða. Skal í slíkum tilfellum fara fram athugun á því hvort grunsemdirnar eigi við rök að styðjast.

Ráðuneytið mun á næstunni fara fram á viðræður leyfishafa um endurgjald vegna töku malar og sands samkvæmt leyfi þessu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, með síðari breytingum.

Þá mun ráðuneytið í samvinnu við Orkustofnun yfirfara alla gagna- og upplýsingaöflun varðandi efnistöku af hafsbotni utan netlaga og verður haft samráð við þá aðila sem þá starfsemi stunda.

Fyrir hönd ráðherra


Kristján Skarphéðinsson


Guðjón Axel Guðjónsson